



Hagnýtingarverðlaun fyrir sögukort

„Icelandic Saga Map“, landakort á netinu sem hefur að geyma kortlagningu allra staða sem koma fyrir í Íslendingasögunum, varð hlutskarpast í samkeppni um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2015. Verðlaunin nema tveimur milljónum króna. Kortið er hugarfóstur Emily Diönu Lethbridge, nýdoktors og sérfræðings við Miðaldastofu.

Icelandic Saga Map er rafrænt kort sem öllum er aðgengilegt á netinu þar sem textar allra Íslendingasagnanna eru staðgreindir, hnitsettir og tengdir landakorti. Kortið er afrakstur fimm ára rannsókna á miðaldabókmenntasögu Íslands. Reynt er að tengja bókmenntir við raunverulegt landslag eða staði og rök færð fyrir því að landslagið sjálf geti stuðlað að varðveislu sagna. Dómnefndin í samkeppninni telur verkefnið sýna ótvírætt hversu miklir hagnýtingarmöguleikar felist



Emily Diana Lethbridge, nýdoktor við Miðaldastofu, með Jóni Atla Benediktssyni háskólarektori.

í að virkja menningararf þjóðarinnar, hvort heldur er til fræðslu eða afþreyingar. Í verkefninu felist endurnýjun lífdaga hinna fornu

Íslendingasagna fyrir bæði Íslendinga og þá sem sækja landið heim.
[Nánar á hi.is.](#)

Guðmundur sviðsforseti frá áramótum

Guðmundur Hálfdanarson hefur verið ráðinn forseti Hugvísindasviðs og tekur við starfinu af Ástráði Eysteinssyni 1. janúar 2016. Guðmundur lauk doktorsprófi í evrópskri félagssögu frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum árið 1991 en áður hafði hann lokið meistara-prófi í sagnfræði frá sama skóla (1985). Guðmundur stundaði þar áður nám í Svíþjóð og á Íslandi og lauk m.a. bakkalárprófi í sagnfræði og fornleifafræði frá Háskóla Íslands árið 1980 og kandídataprófi í sagnfræði frá sama skóla tveimur árum síðar.

Guðmundur var skipaður í prófessorsstöðu Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands árið 2012. Hann var ráðinn lektor í sagnfræði árið 1991, varð dósent í sömu grein árið 1993 og loks prófessor árið 2000. Hann er afkastamikill fræðimaður og hefur birt mikið bæði á alþjóðlegum og innlendum vettvangi. Hann er aðalritstjóri Scandinavian Journal of History og var einn þriggja ritstjóra ritraða CLIOHRES-öndvegisnetsins og hefur ritstýrt fjölda bóka. Meðal helstu fræðirita hans er bókin *Íslenska þjóðríkið - uppruni og endimörk* (2001). [Nánar á hi.is.](#)



Carol J. Clover heiðursdoktor

Íslensku- og menningardeild veitti Carol J. Clover heiðursdoktorsnafnbót við hátíðlega athöfn í Hátfíðasal 2. október síðastliðinn.

Carol J. Clover er prófessor emerita við University of California í Berkeley. Hún hefur komið víða við í rannsóknum sínum og ritað um íslenskar miðaldabókmenntir, kynjafræði og kvíkmyndir. Meðal helstu verka hennar í miðaldafræðum eru bækurnar Old Norse-Icelandic Literature: A Critical Guide (1985) sem

hún ritstýrði ásamt John Lindow og The Medieval Saga (1982). Síðarnefnda bókin er meðal áhrifamestuverka um íslenskar miðaldabókmenntir. Í nýjustu rannsóknum sínum hefur Carol J. Clover fengist við þátt laga og réttarfars í tilurð Íslendingasagna.

Þekktasta verk hennar á svíði kvíkmyndafræði er bókin *Men, Women and Chain Saws: Gender in the Modern Horror Film* (1992). [Nánar á hi.is.](#)



Fjórir nýir prófessorar á árinu

Fjórir fræðimenn hafa fengið framgang í starf prófessors við Hugvísindasvið á árinu. Þeir eru á mynd f.v.: Rúnar Már Þorsteinsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Benedikt Hjartarson.

Efnt var til samkomu þeim til heiðurs í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins 30. október þar sem þeir kynntu sérsvið sín og viðfangsefni. [Nánar á hi.is.](#)



Nýtt starf lektors

Hugvísindasvið hefur auglýst til umsóknar nýtt starf lektors í kvenna- og kynjasögu. Lektornum er ætlað að vinna að eflingu þessa fræðavettvangs, sinna kennslu og rannsóknum, ásamt því að hafa umsjón með lokaverkefnum grunn-, meistara- og doktorsnema. Umsóknarfrestur er til og með 14. desember næstkomandi en ráðið verður í starfið frá 1. júlí 2016 til fimm ára, með möguleika á framleingingu.

Sverrir Jakobsson, formaður námsbrautar í sagnfræði, segir að námsbrautin vilji efla rannsóknir á íslenskri kvenna- og kynjasögu. Á

því svíði hafi aldrei verið föst staða við námsbrautina þó að kennsla og rannsóknir á svíðinu eigi sér langa sögu innan HÍ. Ástráður Eysteinson, forseti Hugvísindasviðs, segir af þessu tilefni að mikilvægt sé að huga að jafnrétti kynjanna í grein sem menntar þá er skrá sögu lands og þjóðar. Um sé að ræða alþjóðlegt fræðasvið en starfið sé jafnframtauglýst með áherslu á íslenskt samhengi. Þess megi vænta að þar með styrkist mikilvæg sjónarhorn á Íslandssöguna. Stjórn svíðsins hafi jafnframta þótt mjög við hæfi að taka þessa ákvörðun á aldarafmæli kosningaráettar íslenskra kvenna. [Sjá auglýsingu á starfatorg.is.](#)

Róbört við Colgateháskóla

Róbört Haraldsson gegnir nú til eins árs NEH gestaprofessurstöðu í heimspeki við Colgateháskóla í New York fylki í Bandaríkjum. Á ensku nefnist staðan NEH Visiting Distinguished Chair. Um 2.900 stunda grunnnám við skólann. Róbört hefur rannsóknarstöðu við skólann og sinnir þar einnig kennslu, kennir m.a. námskeið um heimspeki og kvíkmyndir.





Um komandi áramót fer Ástráður Eysteinsson úr starfi forseta Hugvísindasviðs og þar með úr hópi stjórnsýslunnar á svíðinu. Af því tilefni var þessi mynd tekin af starfsfólki sviðsskrifstofunnar.

Fjögur tilnefnd

Þrír kennarar og einn doktorsnemi við Hugvísindasvið voru tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Íslensku þýðingarverðlaunanna 2015. Gunnar Theódór Eggertsson, doktorsnemi í almennri bókmenntafræði, er tilnefndur í flokki barna- og ungmannabóka fyrir bókina *Drauga-Dísa*. Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis eru þau Dagný Kristjánasdóttir prófessor og Gunnar Þór Bjarnason stundakennari til-nefnd. Dagný fyrir bókina *Bókabörn* en hún hefur að geyma sögu barnabókmennta hér á landi. Gunnar



Þór er tilnefndur fyrir bókina *Þegar siðmenningin fór fjandans til - Íslendingar og striðið mikla 1914-1918*. Þá er Ásdís Rós Magnúsdóttir prófessor tilnefnd til þýðingar-


verðlaunanna fyrir þýðingu á þremur ritgerðasöfnum, *Rangan og réttan*, *Brúðkaup* og *Sumar*, eftir franska rithöfundinn Albert Camus. [Nánar á hi.is](http://Nánar.áhi.is).

Heimspekileg samræða í menntun

Pann 24. nóvember síðastliðinn var Garðabæ afhent lokaskýrsla sem unnin var af Heimspekistofnun HÍ um heimspekilega samræðu í menntun. Skýrslan byggir á rannsókn á tengslum heimspeki og menntunar í leik- og grunnskólum Garðabæjar 2013–2015. Verkefnistjóri var Elsa Haraldsdóttir en yfirumsjón hafði Henry Alexander Henrysson. Niðurstöður rannsóknarinnar eru að þær að mögulegt sé að auka hæfni kennara til að beita heimspekilegi samræðu í kennslu og að sú hæfni stuðli að aukinni getu nemenda til að taka þátt í uppbyggilegri, gagnrýnni og málefnalegri samræðu. Á myndinni afhendir Elsa Haraldsdóttir Margréti Svavarsdóttur, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, skýrsluna.



Heimildamynnd um kvennaframboð



„Þetta er saga sem hefur ekki endilega legið á lausu hingað til og mér verður það æ ljósara sem ég grúská meira hve ört fennir í sporin,” segir Halla Kristín Einarsdóttir, aðjunkt í hagnýtri menningarmiðlun sem leikstýrði verðlaunamýndinni „Hvað er svona merkilegt við það?” sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsum að undanförnu. Í myndinni er fjallað um hóp kvenna sem ákvað að láta til sín taka á hinum pólitískra vettvangi á Íslandi snemma á níunda áratugnum. Myndin hlaut áhorfendaverðlaun á heimildamýndaháttíðinni Skjaldborg á Patreksfirði í vor og var tilnefnd sem

besta norræna heimildamynndin á Nordisk Panorama.

Aðspurð hvernig kennslan og starfið sem heimildamýndagerðarmaður fari saman svarar Halla: „Maður lærir auðvitað alltaf mest sjálfur á að fá að leiðbeina öðrum og mér hefur yfirleitt tekist að tvinna þetta ágætlega saman og finnst gaman að fá að vinna með svona fjölbreyttum hópi fólks. Ég tel nauðsynlegt að háskólar hafi í dag eitthvert rými þar sem hægt er að kynnast öðrum aðferðum við miðlun en ritgerðasmíð og að fræðamiðlarar framtíðarinnar fái t.d. að kynnast og reyna sig við einn sterkasta miðil samtímans, kvikmyndina. Hagnýt menningarmiðlun reyndist mér fyrirtaks vettvangur fyrir alls kyns tilraunir og ég vona að við getum haldið áfram að þróa námið á skapandi hátt.“ [Nánar á hi.is](#) og [hér má hlusta á viðtal við Höllu](#).



Sagnfræði- og heimspekideild fyrst með stefnu

Sagnfræði- og heimspekideild hefur, fyrst deilda HÍ, sett sér stefnu um eflingu síðferðilegrar dómgreindar og þjálfun í gagnrýnni hugsun. Kveðið er á um það í stefnu háskólans fyrir árin 2011-2016 að öll fræðasvið og deildir skuli setja sér markmið og skilgreina leiðir til að fléttu saman síðfræði og faglegt nám, efla síðferðilega dómgreind og þjálfa gagnrýna hugsun.

Samkvæmt hinni nýju stefnu Sagnfræði- og heimspekideilda skal þess m.a. gætt að hæfniviðmið námskeiða í grunnnámi taki mið af henni og að kennrar hafi samráð um hvaða námskeið séu best fallin til kennslu og þjálfunar einstakra þátta hennar.

[Hér er hægt að lesa stefnuna.](#)

Okkar fólk í fjölmíðlum

Guðmundur Hálfdanarson og Jón Ólafsson í umræðu um stöðu og horfur í kjölfar árásanna í París.

[Víðsjá 17.11.2015](#)

Gunnþórunn Guðmundsdóttir í umræðum um *Yfir Ebrofljótið*, bók vikunnar. [Rás 1 15.11.2015](#)

Guðrún Nordal prófessor um það hvernig við búum að handritnum okkar. [Morgunútvarp Rásar 1. 13.11.2015](#)

Eiríkur Rögnvaldsson prófessor fjallar um stöðu íslenskrar tungu.

[Morgunútvarp Rásar 2. 15.11.2015](#)

Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent í viðtali um kvennafrídaginn 1975. [BBC 23.10.2015](#)

Henry Alexander Henrysson aðjunkt í umræðu um hagsmunastöðu menntamálaráðherra.

[Ísland í dag 15.10.2015](#)

Höskuldur Práinsson prófessor um bókina *Skrifaðu bæði skýrt og rétt.* [ÍNN 14.10.2015](#)

Vilhjálmur Árnason prófessor um hagsmunastöðu menntamálaráðherra. [Síðdegisútvarp Rásar 2 16.10.2015](#)

Jón Ólafsson prófessor um aðgerðir Rússu í Sýrlandi. [Spegillinn 5.10.2015](#)

Ástráður Eysteinsson og Dagný Kristjánsdóttir prófessorar um *Leigjandann*, bók vikunnar.

[Rás 1 4.10.2015](#)

Hjalti Hugason prófessor um lúthersku. [Rás 1 27.9.2015](#)

Guðni Th. Jóhannesson dósent um forsetakjör. [Sprengisandur á Bylgjunni 13.9.2015](#)

Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor um alþjóðlega könnun um trú. [Samfélagið á Rás 1 1.9.2015](#)

Haraldur Bernharðsson dósent um stöðu íslenskunnar.

[Bítið á Bylgunni 7.8.2015](#)

Steinunn Kristjánsdóttir prófessor um miðaldaklaustur.


[Bítið á Bylgunni 6.8.2015](#)

Guðni Th. Jóhannesson dósent um viðskiptabann á Rússland.

[Spegillinn 6.8.2015](#)


Bókatíðindi

Skrifaðu bæði skýrt og rétt




Út er komin bókin *Skrifaðu bæði skýrt og rétt. Fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn* eftir Höskuld Þráinsson. Bókin er hugsuð sem handbók og kennslubók, annars vegar ætluð þeim sem fást við fræðileg skrif af einhverju tagi og hins vegar þeim sem þurfa að meta slík skrif eða leiðbeina um þau. [Nánar á hi.is.](#)

Ritið:1/2015




Fyrsta hefti Ritsins árið 2015 er helgað íroníu, sem má í stuttu máli lýsa sem misrämi á ytri og eiginlegri merkingu. Ritstjórar eru Jón Ólafsson og Kristinn Schram. [Nánar á hi.is.](#)

Ritið:2/2015



Staða fræðanna við Hugvísindasvið er viðfangsefni annars heftis Ritsins 2015. Í þessu hefti birtast sex greinar eftir nýútskrifaða og verðandi doktora í hugvísindum sem sýna gróskuna í íslensku rannsóknarstarfi. Ritstjórar eru Guðni Elísson og Jón Ólafsson. [Nánar á hi.is.](#)


An Intimacy of Words



Út er komin hjá Stofnun Vigdísar Finn bogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni, með liðsinni Málvísindastofnunar, greinasafnið *An Intimacy of Words/Innileiki orðanna*. Ritið er gefið út Pétri Knútssyni til heiðurs en haustið 2012 léti hann af störfum sem dósent í ensku. Ritstjórar bókar-


innar eru Matthew Whelpton, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Martin Regal sem einnig rituðu inngang. [Nánar á viggis.hi.is.](#)

Kyrrlátur heimur



Bókin *Kyrrlátur heimur* eftir Sigurð Gylfi Magnússon og Pétur Bjarna Einarsson inniheldur sundurlausar ferðasögur þriggja einstaklinga úr sömu fjölskyldu sem teygja sig yfir áttá ára tímabil. Útgefandi er Miðstöð einsögurannsóknana. [Nánar á haskolautgafan.hi.is.](#)


Merking og tilgangur



Merking og tilgangur er titill bókar eftir Pál Skúlason sem nýverið kom út. Pál lauk við bókina skömmu fyrir andlát sitt

í vor. Í þessari síðustu bók Páls, sem kemur út á vegum Háskólaútgáfunnar, tekst hann á við hinstu rök og mótar heilsteypta kenningu um veruleikann í heild sinni, stöðu okkar í heiminum og samspil merkingar og tilgangs. [Nánar á hi.is.](#)

Við sem erum blind og nafnlaus



Út er komin ljóðabókin *Við sem erum blind og nafnlaus* eftir Öldu Björk Valdimarsdóttur. Ljóðin snúast um mörk tjáningarárinnar, strengina sem liggja milli einstaklingsins og tilvistarinnar, sambönd sem verða til og rofna, og þörfina á að nefna veruleikann, jafnt til góðs og ills. JPV gefur út. Nánar á [forlagid.is.](#)


Smáskammtar

Ana María Shua hefur skipað sér sess meðal virtustu rithöfunda Argentínu og kom fram á Bókmennnaháttíð Reykjavíkur í september. Í þessu úrvali af sögum hennar er leitast við að gefa sem besta mynd af þeim sagnaheimi sem hún hefur skapað. Um er að ræða 100 sögur úr fimm ólíkum



sagnasöfnum sem mynda þó ákveðna heild og leiða lesandann á framandi slóðir Kristín Guðrún Jónsdóttir valdi sögurnar, þyddi og ritaði eftirmála. Dimma gefur út. [Nánar á vef Dimmu.](#)


The Enigma of Egill



Skáldið í skriftinni eftir Torfa Tulinius, sem kom út á vegum Reykjavíkur Akademíunnar og Bókmennatafélagsins 2004, hefur verið gefið út á ensku hjá Cornell University í þýðingu Victoriu Cribbi. Útgefandi er Cornell University Library. [Hægt er að nálgast bókina hér.](#)

Tvær eyjar á jaðrinum

Bókin *Tvær eyjar á jaðrinum* fjallar um framandleika Íslands og Grænlands frá því um 1100 og fram um 1850. Í bókinni er rætt um hvernig ímyndir þessara landa og þjóða verða til, hverjir eru helstu áhrifa-



valdar við þróun þeirra og hvernig framandleikinn birtist. Höfundur er Sumarliði R. Ísliefsson og útgefið er Háskólaútgáfan. [Nánar á haskolautgafan.hi.is.](#)


Við landamæri



Úrval ljóða Matthíasar Johannessen frá síðustu fimm árum. Ástráður Eysteinsson valdi ljóðin og ritar eftirmála. Bókaútgáfan Sæmundur gefur út. [Nánar á forlagid.is.](#)

Heiður og huggun

Bókin *Heiður og huggun* eftir Þórunni Sigurðardóttur markar tímamót í rannsóknum á íslenskum bókmenntum síðari alda. Í henni er fjallað um bókmenntagreinar sem hafa ekki verið rannsakaðar að neinu marki hér á landi fram að þessu. Einnig eru birtir textar sem aðeins eru varðveisittir í handritum og



hafa ekki áður verið prentaðir. Árnastofnun og Háskólaútgáfan gefa út. [Nánar á haskolautgafan.hi.is.](#)

Rabbað um veðrið og fleiri heimspekkileg hugtök



Í stuttum og læsilegum pistlum beitir Vilhjálmur Árnason heimspekkilegri greiningu á ólík hversdagsleg málefni. Hér má lesa ádeilur, þar sem spjótum er beint að vinnubrögðum og viðhorfum í stjórmálum, sem og hugleiðingar um tilvistarleg stef á borð við tilgang lífsins, hugrekki, ábyrgð, þakklæti og líðandi stund. Háskólaútgáfan og Heimspekistofnun gefa út. [Nánar á haskolautgafan.hi.is.](#)

Hugsað með Vilhjálmi
Í bókinni eru birt erindi af málþingi sem halddið var til heiðurs Vilhjálmi Árnasyni

Hugsað með Vilhjálmi


Ríkardur el. Þórhalla Þórhalla
Árnason Vilmundur
Árnason vilmundur@hi.is

Bæjarár:
Sæbör M. Haraldsson
sæbör.m.haraldsson@hi.is



2013 og fjalla um heimspeki og hugðarefni sem tengjast honum. Háskólaútgáfan og Heimspekistofnun gefa út. [Nánar á haskolautgafan.hi.is.](#)


Bókabörn



Í *Bókabörnum* eftir Dagnýju Kristjánsdóttur eru hugmyndir manna um börn og bernsku raktar og sagt frá fyrstu bókunum sem íslenskum börnum voru ætlaðar. Hugmyndir manna um barnabókhöfundinn og hlutverk hans hafa breyst samhlíða vaxandi athygli og áhuga á börnum. Háskólaútgáfan gefur út. [Nánar á haskolautgafan.hi.is.](#)

Leiðarminni

Leiðarminni er gefin út í tilefni 70 ára afmælis Helga Þorlákssonar 8. ágúst 2015. Helgi hefur lengi verið meðal helstu miðaldasagnfræðinga Íslendinga og er einnig



kunnur fyrir bækur sínar um Sögu Íslands á 16. og

17. öld og hefur tvísvar verið tilnefndur til íslensku bókmenntaverðlaunanna (1999 og 2004). Í bókinni er að finna úrval greina eftir Helga sem fjalla um fjölbreytt efni sem hafa verið ofarlega á baugi á íslenskri sagnfræði. Hið íslenska bókmenntafélag gefur út. [Nánar á hib.is.](#)

Von der ödesten und traurigsten Gegend zur Insel der Träume



Út er komin hjá Herbert Utz Verlag í München

bókin *Von der ödesten und traurigsten Gegend zur Insel der Träume* eftir Marion Lerner, lektor í þýðingafræði. Í bókinni fjallar Marion um ferðafrásagnir í tengslum við náttúruskoðun, fagurfræði og túrisma, og rýnir sérstaklega í þrjár ferðabækur um Ísland eftir þýskumælandi konur: Idu Pfeiffer, Inu von Grumbkow og Ingeburg Tiemann. Nánar á [utzverlag.de](#).

Tvær doktorsvarnir í nóvember

Andrew McGillivray



Andrew McGillivray varði doktorsritgerðina *Preparing for the End: A Narrative Study of Vafþrúðnismál*, við Íslensku- og menningardeild 23. nóvember síðastliðinn. Andmælendur voru Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun

Árna Magnússonar, og Tim William Machan, prófessor við University of Notre Dame. Aðalleiðbeinandi Andrews var Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum, en í doktorsnefnd voru auk hans Gunnar Harðarson prófessor, og Annette Lassen, dósent við Nordisk Forskningsinstitut við Kaupmannahafnarháskóla. [Nánar á hi.is.](#)

Vilhelm Vilhelmsson

Vilhelm Vilhelmsson varði doktorsritgerðina *Sjálfstætt fólk? Vald og andóf á Íslandi á tímum vistarbands*, við Sagnfræði- og heimspekideild 30. nóvember síðastliðinn. Andmælendur voru Hrefna Róbertsdóttir, sér-



fræðingur við Þjóðskjalasafn Íslands og Davíð Ólafsson, aðjunkt í menningarfræði við Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi Vilhelms var Guðmundur Hálfdanarson prófessor, en í doktorsnefnd voru auk hans Sigurður Gylfi Magnússon prófessor og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði. [Nánar á hi.is.](#)



Rætt um Kundera

Stofnun Vigdísar Finn bogadóttur og Bókmennata- og listfræðastofnun Háskóla Íslands efndu til málþings um verk Milans Kundera 24. október síðastliðinn. Á málþinginu voru verk Kundera rædd og reifuð frá ýmsum hliðum. Sérstakir gestir málþingsins voru François Ricard, frá McGill-háskóla í Montréal og Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur.

Hrunið, þið munið

Áhugahópur um rannsóknir á bankahruninu 2008, orsökum þess og eftirstöðvum, hefur opnað gagnabankann Hrunið, þið munið í tilefni af sjö ára afmæli ávarpsins „Guð blessti Ísland.“ Gagnabankinn er helgaður bókum, greinum, leikritum, kvíkmyndum og fleira efni þar sem íslenska útrásin, bankahrundið 2008 og afleidiðingar þess eru til umfjöllunar. Ritstjórn efnisins hefur verið í höndum Guðna Th. Jóhannessonar dósents, Jóns Karls Helgasonar prófessors og Markúsar Þórhallssonar meistaranema. [Nánar á hi.is](#) og einnig er hægt að horfa á [viðtal við Guðna Th. á hugras.is](#)



Ný og endurbætt Hugrás

Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs, hefur opnað endurbættan vef í tilefni þess að fimm ár eru liðin frá því að vefurinn leit fyrst dagsins ljós. Útlit vefsins hefur tekið stakkaskiptum með meiri áherslu á myndræna framsetningu og fjölbreyttar leiðir til miðlunar.

„Hugrás er hugsuð sem lesefni fyrir alla þá sem hafa áhuga á lista-, menningar- og samfélagsumræðu og þá sem vilja fá innsýn í þau fræði sem stunduð eru við Hugvísindasvið,“ segir Auður Aðalsteinsdóttir, nýr ritstjóri Hugrásar. Auk hennar kemur Sóley Stefánsdóttir myndritstjóri að stjórn vefsins en hún hannaði nýja vefinn.

Samhliða útlitsbreytingum mun flæði efnis á síðuna aukast til muna með það fyrir augum að Hugrás verði öflugra innlegg í samfélags- og menningarumræðuna. Lögð verður nokkuð meiri áhersla á listgagnrýni af ýmsu tagi sem hefur átt nokkuð undir högg að sækja. Jafnframt á að reyna að efla umfjöllun um fræðibækur. [Sjá hugras.is.](#)



Velgengni ritlistarnema

Ragnar Helgi Ólafsson hlaut í október Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðahandritið *Til hughreystingar þeim sem finna sig ekki í samtíma sínum*. Ragnar Helgi er þriðji nemandinn í ritlist við Hugvísindasvið sem hlýtur verðlaun Tómasar Guðmundssonar, en hann er nú áa lokaspætti meistaránams. Að auki hafa ritlistarnemar hlotið fjölda annarra verðlauna fyrir



verk sín, þ.a.m. íslensku barnabókaverðlaunin, íslensku bókmenntaverðlaunin, Fjöruverðlaunin og verðlaun Blaðamannafélagsins. [Nánar á hi.is](#)

Útgefandi: Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Ritstjóri: Guðmundur Hörður Guðmundsson
Ábyrgðarmaður: Ástráður Eysteinsson